

**Sþ.**

## **547. Nefndarálit**

um till. til þál. um fiskirannsóknir og fiskirækt í Hamarsfirði í Suður-Múlasýslu.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt þingsályktunartillögu þessa og fengið um hana umsögn Árna Friðrikssonar fiskifræðings. Birtist umsögn hans hér með.

Nefndarmenn eru allir meðmættir því, að fiskirannsóknir þær, sem hér um ræðir, verði framkvæmdar hið fyrsta, en telja eðlilegast, að kostnaðurinn af þeim verði greiddur úr Fiskimálasjóði. Hafi Fiskimálasjóður ekki nú handbært fé til þessa, vegna annarra aðkallandi verkefna, mælir nefndin með því, að rannsóknirnar verði þó hafnar þegar á þessu ári, og verði kostnaðurinn þá greiddur úr ríkissjóði til bráðabirgða. Helgi Jónasson tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur því til, að þingsályktunartillagan verði samþykkt með eftirfarandi

### **BREYTINGU.**

Í stað orðsins „ríkissjóði“ í niðurlagi tillögunnar komi: Fiskimálasjóði.

Alþingi, 12. marz 1946.

Gísli Jónsson, form.	Steingr. Aðalsteinsson, frsm.	Skúli Guðmundsson, með fyrirvara.
Pétur Ottesen. Sigurður Kristjánsson.	B. Kristjánsson. Guðm. Í. Guðmundsson.	Dórður Benediktsson.

### **Fylgiskjal.**

#### **ATVINNUDEILD HÁSKÓLANS**

Reykjavík, 15. febr. 1946.

Fjárveitinganefnd Alþingis.

Fiskideildin hefur í dag fengið heiðrað bréf hæstvirkar fjárveitinganefndar ásamt tillögu til þingsályktunar um fiskirannsóknir og fiskirækt í Hamarsfirði, Suður-Múlasýslu, þar sem beðið er um umsögn deildarinnar ásamt upplýsingum um það, hvort rannsókn geti farið fram, án þess að sérstök fjárveiting komi til.

Fiskideildinni er mjög ljúft að láta fara fram rannsókn á Hamarsfirði þegar á næsta sumri, og mun það verkefni verða fengið einum af sérfræðingum deildarinnar, líklega dr. Hermann Einarssyni, og honum fenginn maður til aðstoðar frá deildinni. Að sjálfsögðu kosta störf þessara manna, efni það, sem til rannsóknanna þarf, sem og afnot áhalda ekki neitt, en á hinn bóginn mundi ekki verða komizt hjá að heimila ríkisstjórninni að greiða þann kostnað, sem þessar rannsóknir hefðu sérstaklega í för með sér, svo sem leiga á bát, mönnum, kostnað við flutninga o. s. frv.

Okkar vegna ætti, að öllu forfallalaus, ekkert að vera því til fyrirstöðu, að verkið gæti hafizt þegar á þessu ári, og yrði áframhald þess síðan einkum fólgið í því að fylgjast með ýmsum breytingum nokkra mánuði eða í nokkur ár eftir því, sem nauðsynlegt þætti að athuguðu máli.

Með sérstakri virðingu

Árni Friðriksson.